

## ✉ Re: Umsagnarbeiðni varðandi efnistöku Björgunar í Kollafirði - póstur 2 af 3

Búið til	22.12.2020 13:22:57
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	22.12.2020 13:22:56
Tilheyrir	 202012-0019 - Umsókn Björgunar um efnistöku af hafsbroti utan netlaga við Saltvík

### Efni

Re: Umsagnarbeiðni varðandi efnistöku Björgunar í Kollafirði - póstur 2 af 3
--

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	22.12.2020 13:22:56	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	kg@os.is
Cc	os@os.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202012-0019

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 7. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfi til efnistöku af hafsbroti utan netlaga í Saltvík í Kollafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir málið þ.m.t. álit Skipulagsstofnunar frá 20. nóvember 2008 um mat á umhverfisáhrifum efnistöku í Kollafirði, Faxaflóa, m.a. við Saltvík. Einnig er vísað til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu efnistöku, m.a. við Saltvík, frá 9. júní 2020. Með hliðsjón af álit Skipulagsstofnunar og ákvörðun hennar um matsskyldu gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að leyfi verði gefið fyrir framangreindri efnistöku. Náttúrufræðistofnun telur að það beri að vakta landbrot (brimasemi) í tengslum við efnistöku við Saltvík til að fylgjast með hvort efnistakan hafi áhrif á fjöruna, þrátt fyrir að líkindareikningar sýni að breytingar á ölduhæð séu líklega innan viðmiðunarmarka hvað landbrot snertir. Í þessu sambandi er rétt að benda á að Kjalarnes og nágrenni telst til mikilvægra fuglasvæða, sjá bls. 204 [https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) ([https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)) og <https://vistgerdakort.ni.is/> (<https://vistgerdakort.ni.is/>) og því fyllsta ástæða til að hafa alla efnistöku á þessu svæði sem fjærst ströndinni þannig að sem minnst áhrif verði á það lífríki sem þrífst í fjörunni.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



---

**From:** "Kristján Geirsson" <kg@os.is>  
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>  
**CC:**  
**Subject:** Umsagnarbeiðni varðandi efnistöku Björgunar í Kollafirði - póstur 2 af 3  
**Date:** 8.12.2020 10:48:39

Orkustofnun hafa borist þrjár umsóknir um efnistöku í Kollafirði frá Björgun ehf., (1) við Engey, (2) út af Saltvík, og (3) á Þerneyjarsundi.

Orkustofnun óskar eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands veiti umsögn um erindi Björgunar með vísan til 2. mgr. 4. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, sbr. bréf sem fylgir með í viðhengi með pósti þessum.

Vinsamlegast athugið að umsagnarbeiðni þessi er einungis send með rafrænum hætti, ekki verða prentuð eða send eintök af bréfum, umsóknum Björgunar eða fylgiskjölum. Umsóknarbeiðnir verða sendar með þremur tölvupóstum, **þetta er póstur nr. 2 varðandi umsókn Björgunar um efnistöku af hafsbotni utan netlaga við Saltvík.**

Í viðhengi er jafnframt umsókn Björgunar um efnistöku við Saltvík. Vegna umfangs fylgiskjala er ekki unnt að senda þau með tölvupósti þessum. Skjölín má hins vegar nálgast á vefslóðinni

<https://www.dropbox.com/sh/bavub1qpgrcmhx1/AABi4iGA-OXrS7imA-MVUJMPa?dl=0>  
(<https://www.dropbox.com/sh/bavub1qpgrcmhx1/AABi4iGA-OXrS7imA-MVUJMPa?dl=0>)

og óskar Orkustofnun eftir því að umsagnaraðilar hlaði þeim niður eftir því sem verlag þeirra býður. Athugið að sum fylgiskjölín eru sameiginleg en vegna mismunandi fjölda fylgiskjala eru númer þeirra ekki í öllum tilvikum samræmd.

Jafnframt vísar Orkustofnun til þess að matsskýrsla um efnistöku í Kollafirði frá 2008 (fylgiskjal 6 með umsókn) er aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar ásamt málsferli og álti stofnunarinnar, sjá

<https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/555>  
(<https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/555>)

Óskað er eftir því að umsögn berist ekki síðar en 31. desember nk. Æskilegt er að umsögn sé send á netfangið [os@os.is](mailto:os@os.is) (mailto:os@os.is).

Vinsamlegast staðfestið móttöku tölvupósts þessa, og fullnægjandi niðurhal gagna.

Virðingarfyllst,

Kristján Geirsson, Ph.D, MPA

Verkefnastjóri – stjórnslá vatnsauðlinda

Manager – Water Resource Management



Orkustofnun /National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./

Think of the environment before printing this message.

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)
image001.png (19 KB)
image001.gif (2 KB)